



279. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn þriðjudaginn 9. apríl 2019, kl. 15:00 á skrifstofu SASS að Austurvegi 56, Selfossi.

Mætt voru: Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG), Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Anton Kári Halldórsson (AKH), Ingibjörg Kjartansdóttir (IK) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá mættu á fundinn Ólafur Gestsson endurskoðandi, Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS og Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Environice.

1. Ársreikningur 2018

Á fundinn mætti Ólafur Gestsson endurskoðandi frá PWC og Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS. Kynntur var ársreikningur Sorpstöðvar Suðurlands fyrir árið 2018 og var hann undirritaður af stjórnarmönnum.

2. Samráðsnefnd sorpsamlaga á Suðvesturlandi

Fundargerð frá 18. mars s.l. lögð fram til kynningar. Stjórn SOS telur ekki þörf á breytingum á samkomulagi um framkvæmd svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi og lýsir vilja til að halda áfram samstarfinu.

Stjórn felur Stefáni Gíslasyni að leggja fram drög að rammatillögu vegna aðkomu SOS að aðgerðaáætlun vegna endurskoðunar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi.

3. Lokaskýrsla vegna mælinga á metani frá urðunarstöðum

Lögð fram til kynningar.

4. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

Stefán Gíslason fór yfir stöðu mála vegna vinnslu úrgangs og förgunar. Íslenska Gámafélagið gæti verið komið í stöðu til að taka á móti brennanlegum úrgangi til útflutnings í maí næstkomandi. Stjórn SOS óskar eftir upplýsingum um hvaða kostir og kjör bjóðist aðildarsveitarfélögum SOS frá ÍGF vegna þessa útflutnings.

Rætt var um vinnu við val á urðunarstað á Suðurlandi en stjórn óskar eftir því að Stefán og Efla komi með frekari upplýsingar um þá staði sem afstöðu þarf að taka til á næsta fundi stjórnar.

5. Önnur mál

Farið var yfir hvernig SOS endurinnheimtir reikninga frá urðunarstöðunum í Fíflholti og Stekkjarvík af flutningsaðilum og samskipti þar að lútandi.

Stjórn samþykkir að næsti stjórnarfundur verði haldinn 14. maí nk. kl. 15:00 í í Ölfusi.

Fundi slitið klukkan 17:00